

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2010/EES/5/01		Breytingar á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls . . .	1
2010/EES/5/02		Skrá um ölkelduvatn sem stjórnvöld á Íslandi og í Noregi hafa viðurkennt í samræmi við 1. gr. tilskipunar ráðsins 80/777/EEB um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns.	1
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2010/EES/5/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5712 – Mitsubishi Chemical Holdings/Mitsubishi Rayon Co)	2
2010/EES/5/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5729 – Bank of America/Barclays Bank/DSI International Luxembourg) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2010/EES/5/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5762 – InnoLux/Chi Mei/TPO)	4
2010/EES/5/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5768 – Klöckner/Becker) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2010/EES/5/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5780 – Allianz/ING/Allee Center) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6

2010/EES/5/08	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5656 – SFR Développement/Europ Assistance Holding/Océalis)	7
2010/EES/5/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5672 – Canon/OCE)	7
2010/EES/5/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5685 – Louis Dreyfus/Fin Lov/SBM/Mangas Gaming)	8
2010/EES/5/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5689 – Bominflot/SBI Holding)	8
2010/EES/5/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5699 – Adecco/MPS Group)	9
2010/EES/5/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5709 – Volkswagen/MAHAG)	9
2010/EES/5/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5711 – RWE/Ensys)	10
2010/EES/5/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5723 – Warburg Pincus/Novo/Archimedes Pharma JV)	10
2010/EES/5/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5739 – EQT V/Springer Science + Business Media)	11
2010/EES/5/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5742 – Ameropa Holding/Interbrau)	11
2010/EES/5/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5744 – Toray/TCC/JV)	12
2010/EES/5/19	Ríkisaðstoð – Rúmenía – Málsnúmer C 36/09 (áður NN 56/09) – Ábyrgð samkvæmt tímabundnu rammareglunum sem veitt er fyrirtækinu Oltchim – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	12
2010/EES/5/20	Tilkynning frá stjórnvöldum í Ungverjalandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	13
2010/EES/5/21	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (Tilkynning um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennt er við „Lyon–Annecy“)	13
2010/EES/5/22	Orðsending efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	15
2010/EES/5/23	Efirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. nóvember 2009 til 30. nóvember 2009 og frá 1. desember 2009 til 31. desember 2009.	15

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

Breytingar á samningi milli EFTA-ríkja um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls

2010/EES/5/01

Samningur um breyting á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkja um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, er undirritaður var í Brussel 1. febrúar 2007, öðlaðist gildi 8. október 2007.

Samningur þessi hefur nú verið birtur á vefsetri EFTA-skrifstofunnar ásamt dagréttri og samsteyptri útgáfu samnings milli EFTA-ríkja um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Eftirfarandi slóðir vísa á skjölin:

<http://www.efta.int/content/legal-texts/esa-eflacourt/amendments/agreements-amending-protocol-4>

og <http://www.efta.int/content/legal-texts/esa-eflacourt/annexes-protocols-agreement>

Skrá um ölkelduvatn sem stjórnvöld á Íslandi og í Noregi hafa viðurkennt í samræmi við 1. gr. tilskipunar ráðsins 80/777/EBE um samræmingu laga aðildarríkja varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns

2010/EES/5/02

(Jafnframt fellur úr gildi skráin sem birtist í Stjtíð. ESB C 23, 29.1.2009, bls. 11, og EES-viðbæti nr. 4, 29.1.2009, bls. 1.)

Skrá um ölkelduvatn sem stjórnvöld á Íslandi hafa viðurkennt:

Viðskiptaheiti	Heiti ölkeldunnar	Framleiðslustaður
Icelandic Glacial	Ölfusbrunnur	Hlíðarendi, Ölfus, Selfoss

Skrá um ölkelduvatn sem yfirvöld í Noregi hafa viðurkennt

Viðskiptaheiti	Heiti ölkeldunnar	Framleiðslustaður
Best naturlig mineralvann	Kastbrekka	Kambrekka/Trondheim
Bonaqua Silver	Telemarkkilden	Fyresdal
Farris	Kong Olavs kilde	Larvik
Fjellbekk	Ivar Aasen kilde	Volda
Isklar	Isklar	Vikebygd i Ullensvang
Modal	Modalkilden	Fyresdal
Naturlig mineralvann fra Villmarkkilden på Rustad Gård	Villmarkkilden på Rustad Gård	Rustad/Elverum
Olden	Blåfjellkilden	Olderdalen
Osa	Osakilden	Ulvik/Hardanger

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2010/EES/5/03

(Mál COMP/M.5712 – Mitsubishi Chemical Holdings/Mitsubishi Rayon Co)

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. janúar 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Mitsubishi Chemical Holdings Corporation („MCHC“) öðlast með yfirtökuboði (auk hugsanlegra hlutafjárskipta), sem áformað er að tilkynna í febrúar 2010, að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í japanska fyrirtækinu Mitsubishi Rayon Co., Ltd („MRC“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - MCHC: eignarhaldsfélag sem er skráð í kauphöll og sinnir framleiðslu og markaðsfærslu á efnum, lyfjum og upptökumiðlum (plast- og koltrefjæfnum)
 - MRC: félag sem er skráð í kauphöll og sinnir aðallega framleiðslu og markaðsfærslu á iðefnum, plastefnum, þekjuefnum, gervitrefjum, vefjarefnum og koltrefjæfnum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 23, 30. janúar 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5712 – Mitsubishi Chemical Holdings/Mitsubishi Rayon Co, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2010/EES/5/04****(Mál COMP/M.5729 – Bank of America/Barclays Bank/DSI International Luxembourg)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. janúar 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Bank of America Corporation Inc („BAC“) og breska fyrirtækið Barclays Bank PLC („Barclays“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í lúxemborgska fyrirtækinu DSI International Luxembourg S.a.r.l („DSI“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - BAC: bankaþjónusta fyrir einstaklinga og félög, fjárfestingabankastarfsemi, fjárfestingaumsýsla
 - Barclays: bankaþjónusta fyrir einstaklinga og félög, fjárfestingabankastarfsemi, fjárfestingaumsýsla
 - DSI: bygginga- og námukerfi, m.a. strekkjarabúnaður, steinsteyptar stöðugleikaeyningar og undirstöðukerfi fyrir þök
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 23, 30. janúar 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5729 – Bank of America/Barclays Bank/DSI International Luxembourg, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5762 – InnoLux/Chi Mei/TPO)

2010/EES/5/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. janúar 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem taivönsku fyrirtækin InnoLux Display Corporation („InnoLux“), Chi Mei Optoelectronics Corporation („Chi Mei“) og TPO Displays Corporation („TPO“) sameinast að fullu, í skilningi staflíðar a) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, með hlutafjárskiptum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - InnoLux: framleiðsla á vökvakristalsplötum og fullframleiddum vörumerkjaleysum sem innihalda vökvakristalsplötur (í stórum dráttum tölvuskjáum)
 - Chi Mei: framleiðsla á vökvakristalsplötum
 - TPO: framleiðsla á vökvakristalsplötum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 25, 2. febrúar 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5762 – InnoLux/Chi Mei/TPO, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5768 – Klöckner/Becker)

2010/EES/5/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. janúar 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Klöckner & Co. SE („Klöckner“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í þýsku fyrirtækjunum Köhler & Lollert oHG og Umformtechnik Stendal UTS GmbH & Co. KG ásamt dótturfélögum hvors um sig (einu nafni „Becker-samsteypan“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Klöckner: dreifing á stáli og öðrum málum, óháð framleiðendum; fyrirtækið sinnir dreifingu og vinnslu á stáli og málum sem innihalda ekki járn, plastefnum og byggingarefnum
 - Becker-samsteypan: dreifing og vinnsla á völsuðu stáli og málum sem innihalda ekki járn
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 28, 4. febrúar 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5768 – Klöckner/Becker, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5780 – Allianz/ING/Allee Center)**

2010/EES/5/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. janúar 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Allianz SE og hollenska fyrirtækið ING Real Estate Development International B.V. („ING REDI“), sem tilheyrir ING-samsteypunni, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ungverska fyrirtækinu Allee Center Kft.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Allianz SE: tryggingastarfsemi og fjármálaþjónusta
 - ING REDI: fjármögnun og uppbygging fasteigna
 - Allee Center Kft: rekstur verslanamiðstöðvarinnar Allee í miðborg Búdapestar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 25, 2. febrúar 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5780 – Allianz/ING/Allee Center, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5656 – SFR Développement/Europ Assistance Holding/Océalis)**

2010/EES/5/08

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 14. janúar 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5656. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5672 – Canon/OCE)**

2010/EES/5/09

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 22. desember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5672. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5685 – Louis Dreyfus/Fin Lov/SBM/Mangas Gaming)**

2010/EES/5/10

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 27. janúar 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5685. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5689 – Bominflot/SBI Holding)**

2010/EES/5/11

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 18. desember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5689. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5699 – Adecco/MPS Group)**

2010/EES/5/12

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 17. desember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5699. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5709 – Volkswagen/MAHAG)**

2010/EES/5/13

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 18. desember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5709. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5711 – RWE/Ensys)

2010/EES/5/14

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 15. desember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5711. EUR-Lex er beinlínaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5723 – Warburg Pincus/Novo/Archimedes Pharma JV)

2010/EES/5/15

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 22. janúar 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5723. EUR-Lex er beinlínaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2010/EES/5/16**
(Mál COMP/M.5739 – EQT V/Springer Science + Business Media)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 26. janúar 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5739. EUR-Lex er beinlínaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2010/EES/5/17**
(Mál COMP/M.5742 – Ameropa Holding/Interbrau)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 19. janúar 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5742. EUR-Lex er beinlínaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5744 – Toray/TCC/JV)**

2010/EES/5/18

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 26. janúar 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5744. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ríkisaðstoð – Rúmenía

2010/EES/5/19

**Málsnúmer C 36/09 (áður NN 56/09) – Ábyrgð samkvæmt tímabundnu ramma-
reglunum sem veitt er fyrirtækinu Oltchim**

Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 19, 26.1.2010](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State aid Greffe
Office: J70, 3/225
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Rúmeníu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Tilkynning frá stjórnvöldum í Ungverjalandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins 2010/EES/5/20 og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni

Náma- og jarðfræðiskrifstofa Ungverjalands hefur auglýst útboð í samræmi við liði 26/A(6)–(7) í lögum nr. XLVIII frá 1993 um námavinnslu og lið 12/B(2) í stjórnarreglugerð 203/1998 (XII. 19.).

Útboðsauglýsingin birtist í heild í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 18, 23.1.2010, bls. 38.

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾

(Tilkynning um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennt er við „Lyon–Annecy“)

Samkvæmt umsókn, sem lögð var fram 15. janúar 2009, hefur fyrirtækið Schuepbach Energy LLC, sem er skráð að 2651 North Harwood, Suite 570, Dallas, TX 75201, Bandaríkjum Norður-Ameríku, farið fram á sérleyfi til þriggja ára, sem kennt er við „Lyon–Annecy“, til að leita að olíu og gasi á svæði sem er hér um bil 3 800 km² og liggur í sýslunum Ain, Isère, Rhône, Savoie og Haute-Savoie.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mættast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum í nýgráðum hér fyrir neðan. Notast er við kerfið NTF (Nouvelle Triangulation de la France) og talið frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum Paris.

Hornpunktur	Lengd í nýgráðum	Breidd í nýgráðum
Hornpunktur A = Skurðpunktur lengdarbaugsins 4,60° A við landamæri Frakklands og Sviss		
B	4,60 °A	51,10 °N
C	4,50 °A	51,10 °N
D	4,50 °A	51,00 °N
E	4,30 °A	51,00 °N
F	4,30 °A	50,90 °N
G	4,20 °A	50,90 °N
H	4,20 °A	50,70 °N
I	2,80 °A	50,70 °N
J	2,80 °A	50,80 °N
K	2,90 °A	50,80 °N
L	2,90 °A	51,00 °N
M	3,00 °A	51,00 °N
N	3,00 °A	51,10 °N
O	3,30 °A	51,10 °N
P	3,30 °A	51,00 °N
Q	3,50 °A	51,00 °N
R	3,50 °A	50,80 °N
S	3,90 °A	50,80 °N
T	3,90 °A	51,10 °N
U	4,30 °A	51,10 °N
Hornpunktur V = Skurðpunktur lengdarbaugsins 4,30° A við landamæri Frakklands og Sviss		
Hornpunktur V til A = Landamæri Frakklands og Sviss		

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum samkvæmt 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3 June 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um sérleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (23.1.2010) í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvetni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð. Samkeppnisumsóknum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang.

Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar á grundvelli skilyrða fyrir úthlutun námaréttinda, sjá 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, og eigi síðar en 15. janúar 2011.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á ákvæði 79. gr. og gr. 79,1 í námalögum („code minier“) og tilskipunar 2006-649 frá 2. júní 2006 um námavinnslu og geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* frá 3. júní 2006).

Um nánari upplýsingar vísast til: Ministère de l'écologie, de l'énergie, du développement durable et de la mer, en charge des technologies vertes et des négociations sur le climat (Direction générale de l'énergie et climat, Direction de l'énergie, Sous-direction de la sécurité d'approvisionnement et des nouveaux produits énergétiques, bureau exploration production des hydrocarbures), Arche de La Défense Paroi Nord, 92055 La Défense Cedex, FRANCE (sími +33 140819537, bréfasími +33 140819529).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á vefsetrinu Légifrance:

<http://www.legifrance.gouv.fr>

**Orðsending efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. 2010/EES/5/22
tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun
leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

Efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til að kolvetnisleitar á leitarsvæði L11c sem afmarkað er á korti í 3. viðauka við námareglugerð („Mijnbouwregeling“) (sjá *Staatscourant* (hollenska lögbirtingablaðið) nr. 245, 2002).

Með vísan til ofangreindrar tilskipunar og ákvæða 15. gr. námalaga („Mijnbouwwet“) (*Staatsblad* (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002) auglýsir efnahagsráðherra eftir samkeppnisumsóknum áhugaaðila um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæðisskika L11c á hollenska landgrunninu.

Úthlutun leyfa er í höndum efnahagsráðherra. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, koma fram í námalögum („Mijnbouwwet“) (sjá *Staatsblad* nr. 542, 2002).

Leitarsvæðisskiki L11c afmarkast af breiddarbaugsboga milli hornpunktaparanna A-B og C-D, lengdarbaugsboga milli hornpunktanna B og C og stórbaugsboga milli hornpunktaparanna D-E og E-A.

Hnit hornpunktanna eru sem hér segir:

- A: 4° 33' 3,100" A og 53° 30' 0,000"
- B: 4° 40' 0,000" A og 53° 30' 0,000"
- C: 4° 40' 0,000" A og 53° 20' 0,000"
- D: 4° 34' 0,000" A og 53° 20' 0,000"
- E: 4° 29' 2,000" A og 53° 24' 57,000"

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (29.1.2010). Umsóknir ber að senda efnahagsráðherra:

De Minister van Economische Zaken
ter attentie van drs. J.C. De Groot, directeur Energiemarkt
ALP A/562
Postbus 20101
2500 EC Den Haag
NEDERLANDEN

Umsóknir, sem berast eftir að fresturinn rennur út, verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar veitir hr. P.C. de Regt í síma +31 703797382.

**Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 2010/EES/5/23
1. nóvember 2009 til 30. nóvember 2009 og frá 1. desember 2009 til 31. desember 2009**

Birt hefur verið yfirlit um ákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru í nóvember og desember 2009, sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 22, 29.1.2010, bls. 2, 13, 18 og 28.